

Reykjavík 26. febrúar 2019

Efni: umsögn Ferðamálastofu um drög að stefnu ríkisins í almenningssamgöngum.

Ferðamálastofa fagnar að fram séu komin heildstæð drög að stefnu ríkisins í almenningssamgöngum. Sérstaklega ber að fagna að í þessum drögum er horft heildstætt á allar almenningssamgöngur og eins að þar sé lagt til að tímatöflur almenningssamgangna á landi séu tengdar samgöngum á sjó og í lofti, sem og að tengingar á landi séu tryggðar við viðeigandi flugvelli og hafnir. Ferðamálastofa vill benda á mikilvægi eftirfarandi atriða þegar kemur að almenningssamgöngum sem nýtast eiga ferðamönnum:

- Tímatafla sé birt með góðum fyrirvara og áreiðanleiki ferða og tímasetning tryggð eins og frekast er kostur.
- Tímatafla þarf að vera aðgengileg á auðveldan hátt á netinu og í snjallsímum.
- Tíðni ferða er lykilatriði þegar byggja á upp almenningssamgöngur, ef innlendir og erlendir ferðamenn þurfa að bíða lengi eftir viðkomandi ferð eru þeir fljótir að grípa til einkabílsins.
- Verðlagning þarf að vera samkeppnishæf og fjárhagslegur ávinningur augljós fyrir notendur.

Ferðamálastofa fagnar því að aðgerðir og markmið séu tímasett og kostnaðarmetin og gerir ekki athugasemdir við þær tímasetningar sem settar eru fram nema er kemur að sameiginlegri þjónustuveitu almenningssamgangna. Í tillögnum (bls. 57) er lagt til að þessi gagnvirka þjónustuveita verði ekki orðin að veruleika fyrr en 1. desember 2022. Lagt er til að þessi þjónustuveita verði opnuð fyrr, enda mikilvægur hlekkur í því að tryggja að ferðamenn innlendir sem erlendir notfæri sér þjónustu almenningssamgangna.

Að lokum er vert að benda á að með því að byggja upp áreiðanlegt og samkeppnishæft almenningssamgöngukerfi er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum samgangna hvað varðar loftmengun og önnur umhverfisáhrif.

f.h. Ferðamálastofu



Ferðamálastjóri